

**Sjötti fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna
Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar
24. maí 2023, kl: 15:00.**

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi
Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi
Jón Árnason frá Vesturbyggð
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð
Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð
Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð

Bryndís Gunnlaugsdóttir og Róbert Ragnarsson frá KPMG. Bryndís ritaði fundargerð.

I. Fundur með þingflokkum

Þann 22. maí sl. fóru Lilja, Þórkatla, Ólafur og Þórdís á fund með þingflokkum á Alþingi til að fara yfir mikilvægi jarðgangna um Mikladal og Hálfán. Kom skýrt fram í þeirra máli að forsenda fyrir farsælli sameiningu eru jarðgögn um Mikladal og Hálfán.

Samstarfsnefnd vísar því til sveitarstjórna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar að taka til umfjöllunar mikilvægi jarðgangna um Mikladal og Hálfán sem forsendu fyrir farsælli sameiningu.

II. Íbúafundir – drög að kynningu til umræðu

Róbert fór yfir drög að kynningu á fjárhagsstöðu sveitarfélagana eins og hún er í dag og ef af sameiningu verður. Bryndís fór síðan yfir atriði varðandi kynningu á niðurstöðum starfshópa og umræðu um heimastjórnir.

Lagt fram til kynningar

III. Samstarf við grunnskóla um gerð kynningarefnis næsta haust

Lilja fór yfir áhuga grunnskóla um að taka þátt í gerð kynningarefnis næsta haust fyrir íbúakosningarnar.

Samstarfsnefnd tekur vel í hugmyndina og felur sveitarstjórum að vinna hugmyndina áfram.

IV. Íbúafundir að hausti

Fjallað var um mikilvægi þess að tímasetja kosningar og íbúafundi tímanlega þar sem lög og reglur um kosningar um sameiningar sveitarfélaga gera ráð fyrir því að kynning og kosning sé auglýst tímanlega.

KPMG falið að setja upp drög að tímalínu fyrir næsta fund.

V. Önnur mál

Rætt var um framkvæmd íbúafunda í júní.

Samþykkt samhljóða að streyma beint öllum íbúafundum er haldnir verða í júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:30.